

Reglur um hæfi lykilstarfsmanna GAM Management hf.

1. ALMENN ATRIÐI

Reglur þessar eru settar á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 og á grunni laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2010 (fftl.), sbr. breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 75/2010.

Markmið reglnanna er skilgreina þær kröfur og verklagsreglur sem gilda um hæfi lykilstarfsmanna GAM Management hf., hér eftir félagið. Reglurnar byggjast jafnframt á þeirri forsendu að slíkar reglur og kröfur séu snar þáttur í viðleitni félagsins til þess að takmarka rekstraráhættu og orðsporsáhættu í starfsemi sinni og tryggja góða viðskiptahætti.

Reglurnar skilgreina hverjir teljist lykilstarfsmenn á hverjum tíma og þær kröfur um hæfi sem til þeirra eru gerðar.

2. LYKILSTARFSMENN

Í samræmi við ákvæði 8. tl. 1. gr. fftl. teljast þeir starfsmenn félagsins lykilstarfsmenn sem gegna stjórnunarstarfi, en eru þó ekki framkvæmdastjórar, og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri félagsins ræður starfsmenn og metur á hverjum tíma hverjir teljist lykilstarfsmenn samkvæmt ofangreindu ákvæði. Félagið skal halda skrá um hverjir þannig teljast lykilstarfsmenn.

3. HÆFI

Allir lykilstarfsmenn félagsins skulu búa yfir nægilegri reynslu og þekkingu til þess að geta innt af hendi þau störf sem þeim eru falin af ábyrgð, trúverðugleika og faglegri hæfni. Slíkt mat skal meðal annars byggja á eftirfarandi þáttum og skal höfð hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til hæfis framkvæmdastjóra samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki:

- Fullnægjandi sérfræðiþekking og reynsla liggja fyrir, og skal litið til menntunar og starfsreynslu viðkomandi starfsmanns. Meðal annars skal athugun beinast að því hvort starfsmaðurinn hafi nægilega þekkingu og skilning á lögum sem um starfsemi félagsins gilda og snúa að starfssviði hans. Lykilstarfsmenn skulu að jafnaði hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
- Lykilstarfsmenn skulu ekki hafa hlotið refsidóm á síðustu 10 árum vegna starfa á fjármálamarkaði eða í atvinnurekstri, eða af öðrum ástæðum sem gefa réttmætt tilefni til þess að draga trúverðugleika og heilindi viðkomandi einstaklings í efa.
- Hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðastliðnum 5 árum.
- Lykilstarfsmaður skal vera lögráða.
- Gegni ekki störfum fyrir hönd annarra fjármálafyrirtækja sem gefa tilefni til þess að efast um óhæði starfsmanns.

4. HÆFISMAT

Hæfi lykilstarfsmanna skal ævinlega metið við ráðningu. Skal framkvæmdastjóri kalla eftir viðeigandi gögnum og upplýsingum frá umsækjanda um menntun, starfsferil, viðeigandi sérfræðipækkingu og fjárhagsstöðu, og gera að öðru leyti þá athugun á hæfi umsækjandans sem nauðsynlegt er til þess að tryggja að reglur þessar séu uppfylltar. Tryggja skal að starfsmaður kynni sér til hlítar viðeigandi reglur félagsins.

Einnig skal framkvæmdastjóri gera sérstakt mat á hæfi lykilstarfsmanns ef hann telur tilefni til þess. Skal honum þá heimilt að framkvæma samskonar mat og kalla eftir sams konar gögnum og gert er ráð fyrir við nýráðningu lykilstarfsmanns.

Ef breytingar verða á högum lykilstarfsmanns sem kunna að leiða til þess að hann uppfylli ekki lengur skilyrði þessara reglna um hæfi ber honum að gera framkvæmdastjóra viðvart um þessar breyttu aðstæður. Komist framkvæmdastjóri að þeirri niðurstöðu að starfsmaðurinn uppfylli ekki lengur kröfur um hæfi ber honum að tryggja að starfsmaðurinn gegni ekki áfram lykilstarfi hjá félaginu.

5. GILDISTAKA OG BIRTING

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar félagsins. Þær skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 7. júlí 2011.

Stjórn GAM Management hf.



Handwritten signature in blue ink, appearing to read "Hólfhásson".